# STARFSSKÝRSLA SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS



# MILLI AÐALFUNDA Á AKRANESI 2014 OG AKUREYRI 2015

# Efnisyfirlit

**INNGANGUR** ..... 1
**STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS** ..... 1
**UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI** ..... 2
**ÚTGÁFUMÁL** ..... 3
Skógræktarritið ..... 3
Laufblaðið ..... 3
Frækornið ..... 3
Tækifæriskort ..... 3
Félagsskírteini skógræktarfélaganna ..... 3
Heimasíða ..... 3
**FRÆÐSLUSTARF** ..... 3
Heimsóknir til skógræktarfélaga ..... 3
**FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR** ..... 4
Aðalfundur 2014 ..... 4
Eftirfylgni við ályktanir aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2014 ..... 4
Fagráðstefna skógargeirans ..... 8
**SKÓGRÆKTARSVÆÐI** ..... 8
Brynjudalur ..... 8
Úlfljótsvatn ..... 9
**UMSJÓN** ..... 9
Landgræðsluskógar ..... 9
Opinn skógur ..... 9
Vinaskógur ..... 9
Tré ársins 2014 ..... 9
Landgræðslusjóður ..... 9
Kolviður ..... 10
Yrkja - sjóður æskunnar til ræktunar landsins ..... 10
Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu ..... 10
Skógræktarstarf Landsvirkjunar við Búrfell ..... 10
**ERLEND SAMSKIPTI** ..... 10
European Forest Network ..... 10
Heimsóknir ..... 10
Fræðsluferðir ..... 11
**ÝMIS VERKEFNI** ..... 11
Fagráð skógræktar ..... 11
Vigdísargróðursetning ..... 11
Sjálfboðaliðar ..... 12
Global ReLeaf styrkur ..... 12
Umsagnir ..... 12
**ÞAKKIR** ..... 13
Samstarfsaðilar ..... 13
Stuðningsaðilar ..... 14

**Ljósmyndir í skýrslu:**
*Brynjólfur Jónsson, Einar Gunnarsson, Hrefna Einarsdóttir, Ragnhildur Freysteinsdóttir.*

*Reykjavík, 1. ágúst 2015*

## INNGANGUR

Verkefni Skógræktarfélags Íslands eru margvísleg. Sum verk eru mjög reglubundin, unnin á hverju ári, en önnur verkefni koma upp á nokkurra ára fresti, eða jafnvel bara eitt tiltekið ár og svo ekki meir. Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta sem félagið hefur fengist við frá síðasta aðalfundi.

## STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Á aðalfundinum 2014 var Magnús Gunnarsson endurkjörinn formaður Skógræktarfélags Íslands. Sigrún Stefánsdóttir var endurkjörin í stjórn, en Gísli Eiríksson gekk úr stjórn og var Sigríður Júlía Brynleifsdóttir kjörin í hans stað. Varamenn voru kosin Sigríður Heiðmundsdóttir, Kristinn H. Þorsteinsson og Laufey B. Hannesdóttir. Sem skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir Árni Þórólfsson og Halldór Halldórsson.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Magnús Gunnarsson formaður, Sigrún Stefánsdóttir varaformaður, Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri, Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari, og Páll Ingþór Kristinsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Þuríður Yngvadóttir meðstjórnendur. Stjórnin hélt tíu fundi á tímabilinu. Eins og verið hefur voru varamenn og skógræktarstjóri boðaðir á alla stjórnarfundi Skógræktarfélags Íslands.

Hjá félaginu störfuðu fjórir fastráðnir starfsmenn: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, Einar Gunnarsson skógræktarfræðingur, Hrefna Einarsdóttir skrifstofustjóri og Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.

Lausráðnir starfsmenn hjá félaginu á tímabilinu voru: Gabriel Pic, sem vann með sjálfboðaliða, auk annarra verkefna og Jón Ásgeir Jónsson, sem vann að ýmsum verkefnum.

Stjórn félagsins og starfsmenn leitast eftir megni að styrkja starfsemi aðildarfélaganna með fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningum og hefur eftir föngum fylgst með starfsemi félaganna eins og nánar er gerð grein fyrir í skýrslunni.



*Fastir og tilfallandi starfsmenn Skógræktarfélags Íslands. F.v. Brynjólfur Jónsson, Einar Gunnarsson, Hrefna Einarsdóttir, Ragnhildur Freysteinsdóttir, Depill, Gabriel Pic og Jón Ásgeir Jónsson (Myndir: RF og HE).*

# UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | |
| Rekstrartekjur | 36.503.367 | 33.172.175 |
| Rekstrargjöld | 37.488.176 | 32.362.388 |
| Rekstrarhagnaður (tap) án fjárm.tekna og fjárm.gjalda | (984.809) | 809.787 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (4.526.003) | (2.476.978) |
| **Hagnaður (tap) ársins** | **(5.510.812)** | **(1.667.191)** |
| | | |
| **Efnahagsreikningur** | | |
| Eignir | | |
| Fastafjármunir | 190.106.272 | 182.308.887 |
| Veltufjármunir | 18.415.339 | 33.328.856 |
| **Eignir samtals** | **208.621.611** | **215.637.743** |
| Eigið fé og skuldir | | |
| Eigið fé | 108.048.092 | 113.558.904 |
| Skammtímaskuldir | 34.104.769 | 35.610.089 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **208.621.611** | **215.637.743** |
| | | |
| **Eignir í bundnum sjóðum** | **86.302.900** | **91.904.448** |



*Skógur Skógræktarfélags Íslands í Brynjudal (Mynd: RF).*

**ÚTGÁFUMÁL**

## Skógræktarritið

Á milli aðalfunda hafa komið út tvö hefti Skógræktarritsins. Skógræktarritið 2. tbl. 2014 kom út í desember 2014 og 1. tbl. 2015 kom út í júní á þessu ári. Áskrifendur eru nú um 2400. Skógræktarritið er með eigin síðu á Facebook.




*Forsíða 1. tbl. Laufblaðsins 2015.*

## Laufblaðið

Á tímabilinu komu út þrjú tölublöð Laufblaðsins – í september 2014, desember 2014 og mars 2015, á alþjóðlegum degi skóga. Rafræn tölublöð eru send öllum félagsmönnum í skógræktarfélögunum sem skráðir eru með netfang. Efnt var til netfangaleiks meðal félagsmanna í tengslum við útsendingu félagsskírteina, til að hvetja félagsmenn til að skrá netfang sitt, og voru þrír vinningshafar dregnir út í maí.

## Frækornið

Á starfsárinu kom út eitt eintak af fræðsluritinu Frækornið, en það fylgir nú Skógræktarritinu. Efni þess var Sólber (nr. 33).

## Tækifæriskort

Félagið gaf út kort með mynd eftir Kristínu Arngrímsdóttur og prýðir sú mynd einnig forsíðu 2. heftis Skógræktarritsins 2014.



*Stjórn og starfsmenn Skógræktarfélags Íslands í heimsókn til Skógræktarfélags Hafnarfjarðar (Mynd: RF).*

## Félagsskírteini skógræktarfélaganna

Prentuð voru félagsskírteini fyrir alla félagsmenn og þau send til skógræktarfélaganna. Leitað var til ýmissa fyrirtækja um afslátt á vörum og þjónustu. Að þessu sinni veittu tíu fyrirtæki félagsmönnum 4-15% afslátt gegn framvísun skírteinisins. Fyrirtækin eru: Garðheimar, Garðyrkjustöðin Kvistar, Gróðrarstöðin Barri, Gróðrarstöðin Mörk, Gróðrarstöðin Réttarhóll, Gróðrarstöðin Þöll, MHG Verslun, Nátthagi garðplöntustöð, Ormsson og Sólskógar.

## Heimasíða

Félagið hélt úti heimasíðunni *www.skog.is* á tímabilinu. Á síðunni eru grunnupplýsingar um félagið og einstök skógræktarfélög, auk þess sem birtar eru fréttir af starfi skógræktarfélaganna og öðrum skógartengdum viðburðum. Félagið er einnig með síðu á Facebook. Fjöldi einstaklinga á almennum póstlista félagsins er um 2.800.

**FRÆÐSLUSTARF**

Félagið lagði sem fyrr áherslu á fræðslu- og leiðbeiningastarf fyrir almenning. Fulltrúar félagsins mættu í viðtöl um ýmis málefni tengd skógum og skógrækt og sátu fyrir svörum við ýmis tilefni. Félagið stóð einnig, í samstarfi við Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni, fyrir skógræktarnámskeiði fyrir unglinga í júlí.

## Heimsóknir til skógræktarfélaga

Fulltrúar félagsins heimsóttu nokkur aðildarfélög – Skógræktarfélag Árnesinga, Austurlands, Austur-Húnvetninga, Borgarfjarðar, Bíldudals, Breiðdæla, Dalasýslu, Djúpavogs, Eskifjarðar, Eyfirðinga, Grindavíkur, Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar, Patreksfjarðar, Rangæinga,

Reykjavíkur, Seyðisfjarðar, Siglufjarðar, Skáta við Úlfljótsvatn, Skilmannahrepps, Skagafjarðar, Strandasýslu, Stöðvarfjarðar og Vestur-Húnvetninga, auk skógræktarfélaganna Landbótar og Bjarkar.

**FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR**

## Aðalfundur 2014

79. aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn á Akranesi dagana 15. – 17. ágúst 2014.

Fundinn sóttu á annað hundrað fulltrúar skógræktarfélaganna og gestir, alls staðar af landinu, en gestgjafi var Skógræktarfélag Akraness, í samstarfi við Skógræktarfélag Skilmannahrepps.



*Bjarni O.V. Þóroddsson leiðir göngu um Álfholtsskóg á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Akranesi 2014 (Mynd: RF).*

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Magnús fór stuttlega yfir starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi og minntist félaga og velunnara félagsins sem fallið höfðu frá.

Aðrir á mælendaskrá voru Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfis- og auðlindaráðherra, Jens B. Baldursson, formaður Skógræktarfélags Akraness, Jón Loftsson skógræktarstjóri og Ólafur Adolfsson, formaður bæjarráðs Akraness.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti aðalfundurinn átta tillögur að ályktunum. Fjórum ályktunum var vísað til stjórnar. Þeim skógræktarfélögum, sem áttu tugaafmæli á árinu 2014 voru færðar árnaðaróskir og var fulltrúi frá einu félagi, Skógræktarfélagi Austur-Húnvetninga, mættur til að taka við þeim fyrir hönd síns félags.



*Brynjólfur Jónsson og Hrefna Einarsdóttir huga að trjáplöntum í Brynjudal í Hvalfirði (Mynd: RF).*

Farið var í tvær skoðunarferðir. Á föstudeginum var byrjað á því að fara í vettvangsferð um Akranesbæ, með viðkomu í garði Jóns Guðmundssonar, en því næst haldið til Slögu, skógarreits Skógræktarfélags Akraness í hlíðum Akrafjalls. Ferðinni lauk svo í Garðalundi við Akranes. Á laugardeginum var byrjað á að skoða garðinn að Gröf í Hvalfjarðarsveit, en svo haldið í Álfholtsskóg, svæði Skógræktarfélags Skilmannahrepps.

## Eftirfylgni við ályktanir aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2014

Ályktunum aðalfundarins á Akranesi hefur verið fylgt eftir af stjórn svo sem hér segir:

### Ályktun 1:

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, fagnar nýlegri samþykkt tveggja þingsályktana á hinu háa Alþingi, annars vegar „um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu“*

*(211. mál) og hins vegar „um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014–2017" (256. mál). Fundurinn væntir þess að samþykkt þeirra leiði til hagnýtra rannsókna, þróunarstarfs og til eflingar skógræktarstarfs á landsvísu og þess sjái stað í fjárlögum næsta árs.*

Ályktuninni var fylgt eftir á fundi með umhverfis- og auðlindaráðherra en einnig var hún send á fjárlaga- og atvinnuveganefnd. Þrátt fyrir þverpólitíska samstöðu á Alþingi um eflingu á skógrækt síðastliðið vor voru ekki stigin stór skref í átt að eflingu skógræktar í fjárlagafrumvarpi 2015. Í fjárlögum þessa árs var samþykkt tuttugu milljón króna aukaframlag, þar af fékk Skógræktarfélag Íslands kr. eina milljón. Þá bendir flest til þess að ekki verði af sameiningu stofnana landgræðslu og skógræktar, líkt og lagt var til og samþykkt í áðurgreindri þingsályktun. Allt útlit er fyrir að ríkisstofnanir innan skógræktar verði hins vegar sameinaðar í eina stofnun.

**Ályktun 2:**
*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, fagnar því góða og árangursríka rannsóknastarfi sem unnið var að á árunum 2002-2006 í samstarfi Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands, undir verkefninu „Skógvist". Meginmarkmið verkefnisins var að kanna breytingar sem verða á lífríki, kolefnishringrás og jarðvegsþáttum mólendis við skógrækt og þegar birkiskógur vex upp. Þær niðurstöður sem hafa fengist með verkefninu hafa verið nýttar af skógræktaraðilum til að skipuleggja skógræktarstarf þannig að neikvæð áhrif verði sem minnst og ávinningur sem mestur fyrir bæði menn og umhverfi. Mikilvægt er að fjármögnun fáist til áframhaldandi rannsókna og vöktunar á langtímaáhrifum nýskógræktar á vistkerfi, en því miður hefur niðurskurður á skógræktarrannsóknum og rannsóknasjóðum síðustu árin gert það að verkum að slíku rannsóknastarfi hefur lítið verið sinnt frá efnahagshruninu árið 2008. Því beinir fundurinn því til umhverfis- og auðlindaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis að finna leiðir til þess að fjármagna efldar rannsóknir á vistfræðilegum áhrifum skógræktar, svo vega megi og meta rök með og móti skógrækt á grundvelli vísindalegrar þekkingar.*

Ályktuninni var fylgt eftir á fundi með umhverfis- og auðlindaráðherra en einnig var hún send til fjármála- og efnahagsráðuneytis.

**Ályktun 3:**
*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, tekur undir með ríkisstjórn og atvinnulífi að þörf sé á að fara yfir lög og reglur er lúta að atvinnulífinu í landinu til að auka skilvirkni og gagnsæi. Það á ekki síður við um lagaumhverfi skóga, skógræktar og annarrar landnýtingar sem eru mikilvæg atvinnulífi og lífsafkomu þjóðarinnar. Skógræktarhreyfingin fagnar vilja núverandi stjórnvalda til raunverulegs samráðs við hagsmunaaðila og lýsir yfir vilja sínum til að leggja þessum mikilvægu áformum lið.*



*Ferðalangar í fræðsluferð Skógræktarfélags Íslands til Noregs 2014 (Mynd: EG).*

Ályktunin var send til atvinnuveganefndar Alþingis og Samtaka atvinnulífsins.

**Ályktun 4:**
*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, vekur athygli íslenskra stjórnvalda á þeirri stefnu sem norsk stjórnvöld hafa markað, að auka bindingu gróðurhúsalofttegunda með aukinni nýskógrækt. Norskir skógar binda nú um 60% þeirra kolefnisígilda sem losna út í andrúmsloftið í formi gróðurhúsalofttegunda þar í landi. Þetta hlutfall vilja Norðmenn auka. Noregur er þekktur fyrir að vera að miklu leyti þakinn skógi en til samanburðar er Ísland þekkt fyrir hið gagnstæða. Auk verkefna heima fyrir vinna*

*Norðmenn með öðrum þjóðum að skógræktarverkefnum, meðal annars í þróunarlöndum. Tækifæri Íslendinga til bindingar kolefnis með skógrækt eru margföld á við tækifæri Norðmanna. Hér er mikið hentugt land til reiðu og ekkert því til fyrirstöðu að hefjast handa með litlum fyrirvara.*

Ályktunin var send á formenn þingflokka og til ráðherra.

**Ályktun 5:**
*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi dagana 15.-17. ágúst 2014, ályktar. Senn eru liðin 80 ár frá friðun Bæjarstaðaskógar. Skógræktarfélag Íslands og Skógrækt ríkisins tóku þá höndum saman við bændur í Skaftafelli og safnað var fjármunum til að girða skóginn af fyrir búfjárbeit. Litlu mátti muna að Bæjarstaðatorfan sem skógurinn óx á yrði uppblæstri að bráð og hlyti sömu örlög og 95% skógarþekjunnar frá landnámi. Við beitarfriðun og uppgræðslu sköpuðust skilyrði fyrir sjálfsáningu Bæjarstaðaskógar utan skógarins en grasgefinn skógarbotn gaf ekki færi á slíku innan hins aldurhnigna skógar. Bæjarstaðaskógur hefur lengi verið aðaluppspretta þess erfðaefnis ilmbjarkar sem notað hefur verið í skógrækt og vaxa birkiskógar af Bæjarstaðaupppruna nú um allt land. Lagt er til að sögu þessari verði gerð góð skil í tilefni þess að 80 ár eru liðin frá friðun Bæjarstaðaskógar.*



*Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Þuríður Bachmann, formaður Garðyrkjufélags Íslands og Jón Loftsson skógræktarstjóri við undirritun samnings um frærækt og kynbætur á Emblu-yrkinu í febrúar 2015 (Mynd: BJ).*

Ályktunin hefur verið kynnt forstöðumanni Vatnajökulsþjóðgarðs og er gert ráð fyrir sameiginlegri eins dags ráðstefnu nú á haustdögum ásamt ferð í Bæjarstaðaskóg.

**Ályktun 6:**
*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, leggur til að unnið verði að samstilltu átaki opinberra aðila og skógræktarfélaga í að nýta lúpínubreiður til skógræktar, bæði í þéttbýli og víðsvegar um land. Jafnframt beinir fundurinn þeim tilmælum til samráðsnefndar um Landgræðsluskógaverkefnið að aukin áhersla verði á ræktun landgræðsluskóga í lúpínubreiðum.*

Ályktunin var send til allra skógræktarfélaga og sveitarfélaga í landinu. Þá var hún einnig tekin upp í *Yfirlitsáætlun Landgræðsluskóga 2014 til 2018* en í þeirri skýrslu er mörkuð stefna verkefnisins næstu árin. Þar kemur meðal annars fram að mikil tækifæri felist í að gróðursetja í lúpínubreiður þar sem slík svæði er að finna á samningsbundnum löndum Landgræðsluskógaverkefnisins.

**Ályktun 7:**
*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, fagnar nýjum samningi við Umhverfis- og auðlindaráðuneyti um fjárstuðning til Landgræðsluskógaverkefnisins. Jafnframt hvetur fundurinn þá fjölmörgu sem að verkefninu standa og þá ekki síst skógræktar- og sveitarfélög að efla það enn frekar og nema ný lönd sem verða útivistarsvæði framtíðarinnar. Koma þau til með að veita byggðinni skjól og aukin lífsgæði eins og fjölmörg dæmi af árangri verkefnisins sanna.*

Ályktuninni var fylgt eftir á fundi með umhverfis- og auðlindaráðherra en einnig var hún send til sveitarfélaga.



*Brynjólfur Jónsson leiðbeinir starfsfólki bandaríska sendiráðsins við gróðursetningu (Mynd: RF).*

**Ályktun 8:**
*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, harmar hvernig komið er fyrir rannsóknum og þróun á nýtingu belgjurta og annarra plantna sem binda nitur með hjálp örvera. Slíkar plöntur eru tilvaldar sem hjálparplöntur til landgræðslu, landgræðsluskógræktar og annarrar skógræktar. Fundurinn skorar á þær opinberu stofnanir er málið varðar að hefja og halda áfram rannsóknum á þessum plöntum nú þegar og sinna þeim plöntusöfnum sem til eru í landinu.*

Ályktunin var send á Landgræðslu ríkisins, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Skógrækt ríkisins.

Fjórum ályktunum var að auki vísað til stjórnar til frekari vinnslu. Meðferð stjórnar á þeim er sem hér segir:

**Ályktun – Teigsskógur**
***Upprunaleg ályktun***
*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, skorar á stjórnvöld að hafinn verði undirbúningur að því að lagður verði vegur um Teigsskóg í Þorskafirði. Skógræktarfélag Íslands telur að lagning vegar um Teigsskóg sé mikilvægt hagsmunamál íbúa á Vestfjörðum ekki síður en allra þeirra sem fara um svæðið. Nauðsynlegt er að líta til byggðasjónarmiða, öryggis íbúa og ferðamanna, þegar jafn mikilvægir hagsmunir eru vegnir og metnir.*

Stjórn félagsins hafði samband við aðildarfélög á Vestfjörðum og var einhugur um að senda ályktunina, með töluverðum breytingum í ljósi umræðna á aðalfundi, á fjölmiðla í nafni Skógræktarfélags Íslands og skógræktarfélaga á Vestfjörðum. Nokkur umræða var síðan í kjölfarið um ályktunina í fjölmiðlum.

**Ályktun - Verksamningar**
*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, beinir því til stjórnar og framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands að félagið geri tillögur að verksamningum sem lagðir eru til grundvallar þegar aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands gera verksamninga við verktaka. Þetta gætu verið verksamningar vegna til dæmis gróðursetningar, girðingavinnu, vegavinnu og svo framvegis.*

Því miður hefur ekki gefist ráðrúm til að fylgja eftir ályktuninni varðandi gerð verksamninga. Aftur á móti hefur verið unnið að uppsetningu á einföldu bókhaldsforriti sem gagnast gæti aðildarfélögum sem hafa tiltölulega lítil umsvif. Enn er verið að þróa forritið og verður það í lokaútfærslu gert í samráði við endurskoðanda félagsins.

**Ályktun - Áningarstaðir**
*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, leggur til að skógræktarfélög sameinist um gróðursetningu á einu tré við stærri áningarstaði þar sem eru vegaskilti sem sýna tré og bekk.*

Erindið var tekið upp á vettvangi Vegagerðar ríkisins. Fundað var með Ásbirni Ólafssyni í þjónustudeild og Helgu Aðalgeirsdóttur í hönnunardeild, ásamt hugmyndasmiði ályktunarinnar, Söru Riel myndlistarmanni, en áður hafði málið fengið jákvæða umfjöllun í

yfirstjórn Vegagerðarinnar. Sótt var um styrk til Landsbankans til að fjármagna forathugun og prufukeyra verkefnið en sá styrkur fékkst ekki. Reynt verður í framhaldinu að sækja tímanlega um styrki hjá Vegagerðinni fyrir næsta ár þar sem yfirstjórn Vegagerðarinnar hefur tekið ákvörðun um að taka þátt í verkefninu með Skógræktarfélagi Íslands ásamt aðildarfélögum þess.

### Ályktun – Lausaganga búfjár

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, samþykkir að beina því til Alþingis að afnema lausagöngu búfjár hið allra fyrsta, þar sem þess er kostur vegna aðstæðna hversu sinni. Í skjóli téðrar lausagöngu þrífst ein mesta ofbeit og rányrkja sem þekkist í Evrópu. Vegna eðlis lausagöngunnar verður ekki hægt að taka á þessari ofbeit nema með því að takmarka hana eins og kostur er. Hún gengur einnig í berhögg við þá almennu réttarreglu að fólk beri ábyrgð á eigum sínum þannig að í stað þess að eigendur beri ábyrgð á því að halda því innan girðingar neyðast eigendur skógræktarjarða til að girða þær af, oft með miklum kostnaði. Afnám lausagöngu mun nýtast öllum, þar með talið sauðfjárbændum, sem munu í kjölfarið stunda búskap sem er nær því að vera sjálfbær með beitarálagi sem landið þolir.*



*Sauðfé á beit í skógi Skógræktarfélags Íslands í Brynjudal í Hvalfirði (Mynd: RF).*



*Ráðstefnugestir á Fagráðstefnu skógargeirans í skoðunarferð í Einkunnum í Borgarfirði (Mynd: RF).*

Stjórn félagsins fékk forsvarsmenn sauðfjárbænda í heimsókn á stjórnarfund félagsins, þau Sigurð Eyþórsson framkvæmdastjóra Landssamtaka sauðjárbænda og Þórhildi Þorsteinsdóttur stjórnarmann. Á fundinum var skipst á skoðunum og ályktunin rædd. Víða var komið við í umræðunni um hvernig mætti draga úr ágreiningi milli búfjáreigenda og skógræktarfólks og búa um hnútana svo að þessir hópar geti búið í sátt í sama landi. Mikilvægt er að taka samtal við sveitarstjórnir til þess að þær uppfæri sínar búfjársamþykktir áður en farið er með offorsi á opinberum vettvangi. Mikilvægt er að ágreiningurinn sé leystur á vettvangi einstakra sveitarfélaga og stjórn Skógræktarfélags Íslands marki sér stefnu í málinu.

### Fagráðstefna skógargeirans

Skógræktarfélag Íslands var formlegur þátttakandi í Fagráðstefnu skógargeirans sem haldin var í Borgarnesi í mars á þessu ári. Fyrri dagur ráðstefnunnar var haldinn í samstarfi við NordGen undir yfirskriftinni *Aukin framleiðni skóga á jaðarsvæðum með kynbótum*.

## SKÓGRÆKTARSVÆÐI

### Brynjudalur

Unnið var áfram að uppbyggingu jólatrjáaræktunar í Brynjudal. Unnið var að umhirðu og grisjun. Starfsmenn bandaríska sendiráðsins komu í heimsókn og gróðursettu í lok ágúst 2014. Fyrirhuguð er önnur gróðursetningarferð sendiráðsins nú í haust.

## Úlfljótsvatn



*Jón Ásgeir Jónsson og Einar Gunnarsson vinna að lagfæringum við Úlfljótsvatnsbæinn (Mynd: RF).*

Á þessu ári hefur sameignarfélagið Úlfljótsvatn sf. haldið allmarga fundi en í félaginu sitja tveir fulltrúar frá Skógræktarfélagi Íslands og tveir frá skátahreyfingunni. Tilgangur félagsins er að halda utan um rekstur jarðarinnar að Úlfljótsvatni og standa vörð um hagsmuni eigenda vegna eignarréttar og takmarkana á réttindum landeigenda. Farsæl niðurstaða og sátt varð í framvindu málareksturs Starfsmannafélags Reykjavíkur við Orkuveitu Reykjavíkur, en deilur höfðu staðið um eignarhald lands umhverfis bústaði Starfsmannafélagsins. Niðurstaðan varð sú að Starfsmannafélag Reykjavíkur fær 42 ha til eignar umhverfis núverandi bústaði. Orkuveita Reykjavíkur afhendir á móti Skógræktarfélagi Íslands og skátahreyfingunni 60 ha lands til eignar í Dráttarhlíð en það er nyrsti hluti jarðarinnar Úlfljótsvatns. Þá hefur verið unnið að þinglýsingu og skráningu landnúmera í kjölfar þess að lyktir náðust um svæði Starfsmannafélagsins. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki nú í haust.

Enn er unnið að samningi við Kaþólsku kirkjuna á Íslandi um afnot og nýtingu fasteigna Skógræktarfélags Íslands á Úlfljótsvatni fyrir samfélag reglubræðra. Í janúar kom sendinefnd frá St. Wandrille klaustrinu í Frakklandi í heimsókn til að kanna aðstæður á Úlfljótsvatni.

### UMSJÓN

## Landgræðsluskógar



*Tré ársins 2014 hæðarmælt við útnefningu þess (Mynd: RF).*

Samráðsnefnd um Landgræðsluskóga er Skógræktarfélagi Íslands til ráðgjafar um framkvæmd verkefnisins. Í nefndinni sitja Kristín Svavarsdóttir frá Landgræðslu ríkisins, Þröstur Eysteinsson frá Skógrækt ríkisins, Björn Helgi Barkarson frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og frá Skógræktarfélagi Íslands eru Einar Gunnarsson og Gísli Eiríksson, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

## Opinn skógur

Unnið hefur verið að opnun skógarins í Skarðdal á Siglufirði, sem fyrirhugað er að opna nú á aðalfundi. Auk þess hefur verið unnið að almennu viðhaldi í skógunum.

## Vinaskógur

Unnið var að viðhaldi á girðingu og aðkomu. Í vor smíðaði Guðmundur Magnússon á Flúðum nýtt hlið úr lerki frá Hallormsstað, en gamla hliðið, sem var smíðað úr óvörðu sitkagreni úr Heiðmörk og sett var upp 2004, var orðið illa fúið.

## Tré ársins 2014

Tré ársins 2014 var formlega útnefnt við hátíðlega athöfn þann 14. september síðast liðinn. Að þessu sinni var um evrópulerki (*Larix decidua*) að ræða, við Arnarholt í Stafholtstungum. Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, afhenti fulltrúa eigenda Arnarholts viðurkenningarskjal af þessu tilefni.

## Landgræðslusjóður

Fulltrúar Skógræktarfélags Íslands í stjórn Landgræðslusjóðs voru á árinu Guðbrandur Brynjúlfsson, sem var formaður sjóðsins, Magnús Gunnarsson og Þuríður Yngvadóttir. Þá sitja

einnig í stjórn sjóðsins Jón Loftsson skógræktarstjóri og Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri. Úthlutað var 3,6 milljónum kr. úr sjóðnum í ár. Að öðru leyti vísast til skýrslu sjóðsins.



*Reynir Kristinsson fer yfir málin á aðalfundi Kolviðar (Mynd: RF).*

## Kolviður

Merkja má aukinn áhuga fyrir kolefnisjöfnun meðal fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum og aukast viðskiptin hægt og sígandi. Aðkoma að fyrsta Kolviðarskóginum, sem er á Geitasandi á Rangárvöllum, var bætt og sett upp upplýsinga-skilti og fánastangir. Nú má heita full gróðursett í landið en unnið er að endurgróðursetningu og umhirðu. Unnið er að samningi um fjármögnun Kolviðar á skógrækt í landi Skógræktarfélags Íslands og skátahreyfingarinnar á Úlfljótsvatni.

## Yrkja - sjóður æskunnar til ræktunar landsins

Framkvæmdir á vegum Yrkjusjóðs hafa gengið með venjubundnum hætti og þátttaka skóla er álíka mikil og undanfarin ár, eða um hundrað skólar. Skógræktarfélag Íslands annast rekstur Yrkju og situr framkvæmdastjóri félagsins alla stjórnarfundi. Stjórn Yrkjusjóðs er þannig skipuð: Sigurður Pálsson formaður, Helena Óladóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytisins, Magnús Gunnarsson, fulltrúi Skógræktarfélags Íslands, Jón Loftsson, fulltrúi Skógræktar ríkisins, Fjóla Höskuldsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands og Þorbjörg Sæmundsdóttir, fulltrúi íslenskrar æsku.

## Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu

Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu er í vörslu Skógræktarfélags Íslands en sjóðurinn mun veita skógræktarfélögum sem hafa starfsemi í Húnavatnssýslum styrki til verkefna. Skógræktarfélag Austur-Húnvetninga fer með umsjón á jörðinni Fjósum í Svartárdal og Skógræktarfélag Vestur–Húnvetninga fer með umsjón jarðarinnar Saura í Miðfirði. Veittur var styrkur úr sjóðnum til að standa að hluta til straum af kostnaði við endurnýjun og viðgerð á íbúðarhúsinu á Saurum sem er í eigu Skógræktarfélags Íslands.

## Skógræktarstarf Landsvirkjunar við Búrfell

Starfsmaður Skógræktarfélags Íslands hefur undanfarin ár haft faglega umsjón með framkvæmdum á skógræktarsvæði Landsvirkjunar við Búrfell. Til stendur að kortleggja á ný svæðið og uppfæra samantekt á stöðu skóggræðslu á svæðinu.

# ERLEND SAMSKIPTI

## European Forest Network

Ragnhildur Freysteinsdóttir mun sækja fund samtakanna í Salzburg í september fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands. Gestgjafi fundarins verður Austurríska skógræktarsambandið (Österreichischer Forstverein). Heimasíða samtakanna er: http://www.forestrysocieties.eu/.

## Heimsóknir

Hópur frá Albert-Ludwigs-Universität Freiburg í Þýskalandi heimsótti Skógræktarfélag Íslands í febrúar, til að fræðast um skógrækt á Íslandi. Í maí kom svo hópur frá University of British Columbia í Kanada í heimsókn í sömu erindagjörðum og í júní heimsótti nemi frá Massachusetts Institute of Technology í Bandaríkjunum félagið.

## Fræðsluferðir


*Viðarvinnsla skoðuð í fræðsluferð Skógræktar-félags Íslands til Noregs (Mynd: EG).*

***Noregur 2014***
Í ágústlok 2014 fór 35 manna hópur í heimsókn um Sogn- og Fjarðafylki í Noregi. Móttökurnar voru óvenju rausnarlegar og buðu gestgjafar upp á nánast allan mat og drykk í ferðinni að morgunmat á hótelum undanskildum. Formaður Skógræktarfélagsins í Sogn- og Fjarðafylki og fyrrverandi æðsti maður skógstjórnarinnar í fylkinu, Hans Fredrik Lauvstad, var aðalleiðsögumaður og skipuleggjandi ferðarinnar, dyggilega studdur af eiginkonu sinni Anne Lise Lauvstad, Svein Saure, framkvæmdastjóra félagsins og Ingvar Åberge stjórnarmanni. Fararstjórar voru Einar Gunnarsson, fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands, og Kristján Baldursson, frá ferðaskrifstofunni Trex. Ferðin tókst einstaklega vel í alla staði. Nánar er sagt frá henni í 2. tbl. Skógræktarritsins 2014.

Hans Fredrik og Anne Lise komu í viku kynnisferð um landið nú um sumarsólstöður. Ferðast var hring um landið og voru helstu viðkomustaðir Snæfoksstaðir, Kirkjubæjarklaustur, Öræfi, Djúpivogur, Hallormsstaður og Fljótsdalshérað, perlur Norðausturlands, Kjarnaskógur, Fjósar í Svartárdal, Reykholt og Þingvellir auk Reykjavíkur. Þeim fjölmörgu skógræktarfélögum sem tóku á móti þessum góðu gestum frá vinaþjóð okkar eru færðar sérstakar þakkir.

***Pólland 2015***
Fyrirhuguð er ferð til Póllands dagana 10. – 18. september. Góð þátttaka er í ferðinni, en rúmlega 70 manns hafa skráð sig í hana.

## ÝMIS VERKEFNI

Skógræktarfélag Íslands fæst við margvísleg verkefni. Eitt helsta verkefni starfsfólks félagsins er margháttað samstarf og samskipti við einstök aðildarfélög, en auk þess er algengt að almenningur leiti til félagsins um hvaðeina er lýtur að gróðri, trjám og skógrækt. Meðal annarra fastra verkefna félagsins má telja til söfnun tölulegra upplýsinga um skógræktarstarfið í landinu, en niðurstöður þeirra eru birtar árvisst í Skógræktarritinu.

## Fagráð skógræktar
Fagráð skógræktar var skipað árið 2013 og er ætlað að fjalla um áherslur og stefnumörkun í skógræktarrannsóknum, fara yfir og samþykkja verkefnaáætlun Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá til hvers árs, samræmingu skógræktarstarfsins, skipulag fræöflunar, stefnumörkun hvað varðar úrvinnslu skógarafurða og önnur mál sem ráðherra kann að fela fagráðinu. Fulltrúi Skógræktarfélags Íslands í ráðinu er Ragnhildur Freysteinsdóttir.

## Vigdísargróðursetning
Árið 2015 voru 35 ár frá því Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands, fyrst kvenna til að verða þjóðkjörin forseti. Af því tilefni ákváðu á fjórða tug félagasamtaka og stofnana, þar á meðal Skógræktarfélag Íslands, að efna til hátíðardagskrár í júní. Þótti upplagt að marka þessi tímamót með gróðursetningu og stóðu skógræktarfélögin og sveitarfélög um land allt, með stuðningi Skógræktarfélags Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Yrkjusjóðs og Landgræðslusjóði, saman að gróðursetningu í tengslum

við hátíðina. Voru þrjú tré gróðursett á hverjum stað – eitt fyrir drengi, eitt fyrir stúlkur og eitt fyrir komandi kynslóðir – eins og Vigdís gerði iðulega í forsetatíð sinni.



*Gróðursetning á Brákarhátíð í Borgarnesi í tilefni þess að 35 ár eru liðin frá því Vigdís Finnbogadóttir var þjóðkjörin forseti, fyrst kvenna til að vera það (Mynd: RF).*

## Sjálfboðaliðar

Skógræktarfélagið er nú orðið viðurkennt sem gestgjafi af European Volunteer Service, sem er hluti af Erasmus+ verkefni Evrópusambandsins. Félagið mun frá og með árinu 2015 taka á móti fimm erlendum sjálfboðaliðum, sem munu vinna í fimm mánuði í skógum félagsins og aðildarfélaga þess. Fyrsti sjálfboðaliðahópurinn innan þessa verkefnis kom nú í vor og eru sjálfboðaliðarnir frá Austurríki, Frakklandi, Ítalíu, Póllandi og Spáni.

## Global ReLeaf styrkur

Skógræktarfélag Íslands, í samvinnu við Skógræktarfélag Reyðarfjarðar og Alcoa á Íslandi, fékk styrk úr Global ReLeaf verkefninu, sem er samvinnuverkefni American Forests og Alcoa Foundation. Sótt var um fjármagn til gróðursetningar trjáplantna á Reyðafirði og á Úlfljótsvatni og fékkst styrkur fyrir um 20.000 plöntum, sem settar verða niður í ár.

## Umsagnir

Stjórn Skógræktarfélag Íslands sendi þann 16. desember 2014 umsögn um *Tillögu til þingsályktunar um nýtingu eyðijarða í ríkiseigu. Þingskjal 128 – 126. mál.* Félagið hefur um langt skeið hvatt til þess að ríkisvaldið ráðstafi ríkisjörðum til skógræktar. Til eru dæmi innan skógræktarfélagahreyfingarinnar að gerðir hafi verið samningar við einstök skógræktarfélög um skógrækt á ríkisjörðum. Það er hins vegar ríkur vilji innan samtakanna til að taka enn fleiri jarðir til nýtingar ef vilji stendur til þess af hálfu hins opinbera.



*European Voluntary Service sjálfboðaliðarnir í ár. Frá vinstri eru Jorge frá Spáni, Mateo frá Ítalíu, Nadine frá Austurríki, Hanna frá Póllandi og Martin frá Frakklandi, ásamt Gabriel Pic verkstjóra (Mynd: RF).*

Stjórn Skógræktarfélag Íslands sendi þann 13. febrúar síðastliðinn umsögn um *Tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026.* Umsögn stjórnar var ítarleg með efnislegum breytingatillögum þar sem m.a. var bent á að umfjöllun um skógrækt væri rýr, miðað við aðrar greinar landbúnaðar og landnýtingu í dreifbýli. Einnig gerði félagið athugasemdir við að einhver tiltekin grein landbúnaðar sé álitin betri, arðsamlegri og jafnvel æðri en önnur, án þess að fyrir slíku séu færð nein rök. Þá benti stjórn Skógræktarfélags Íslands á að samskipti skógræktar og þéttbýlis þyrftu að fá aukið vægi í landsskipulagstillögunni.

Stjórn Skógræktarfélag Íslands sendi þann 23. febrúar síðastliðinn umsögn um breytingu á *lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu), 511. mál.* Skógræktarfélag Íslands hefur skilning á að vatnaáætlun og fyrirhugaðar vöktunar- og aðgerðaráætlanir fyrir vatn á Íslandi séu mikilsverð tæki til að tryggja gæði vatns. Skógur og vatn geta ekki án hvers annars verið enda hefur ræktun lands góð áhrif á gæði vatns og gróður þrífst ekki án þess. Skógræktarfélag Íslands studdi framlagt frumvarp.

Stjórn Skógræktarfélag Íslands sendi þann 23. febrúar síðastliðinn umsögn um *uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum (heildarlög), 427. mál.* Gerðar voru athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins og þeim fylgt úr hlaði með stuttri umsögn.



*Brynjólfur Jónsson á vaktinni í Jólaskóginum í Brynjudal (Mynd: RF).*

Stjórn Skógræktarfélag Íslands sendi þann 24. febrúar síðastliðinn umsögn um *Frumvarp um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum. Þingskjal 889 - 512. mál.* Skógræktarfélag Íslands fagnar framkomnu frumvarpi til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðurskemmdum, sérstaklega þar sem strangar reglur eru settar við sinubruna og meðferð elds á víðavangi.

Stjórn Skógræktarfélag Íslands sendi þann 20. mars sl. umsögn og ábendingar vegna draga að frumvarpi til breytinga á lögum um *náttúruvernd sbr. lög nr. 60/2013.* Skógræktarfélag Íslands fagnar framkomnum drögum og telur þau jákvætt framlag til að ná fram úrbótum á frumvarpinu. Í þessu sambandi ber að hafa í huga áhyggjur þær sem félagið hafði af upprunalegu frumvarpi. Komið er til móts við allmarga þætti frumvarpsins sem félagið taldi óásættanlega. Gerð var athugasemd við fjóra efnisþætti frumvarpsins og gagngerar tillögur til úrbóta þar að lútandi settar fram.

Stjórn Skógræktarfélag Íslands sendi þann 15. apríl sl. umsögn vegna *endurskoðunar á stefnumörkun Þjóðgarðsins á Þingvöllum 2004-2024.* Meðal annars benti félagið á hin fjölmörgu tengsl við Þingvelli og nágrenni, m.a. stofnun félagsins í Stekkjargjá á Þingvöllum á Alþingishátíðinni 1930. Þá er Vinaskógur, sem tengdur hefur verið forsetaembættinu, nú innan þjóðgarðsins. Þá var einnig bent á að á sama tíma og gróðurfar er víðast hvar í afleitu ástandi innan þjóðgarðsins og versnar ef eitthvað er, á þeim stöðum þar sem ágangur ferðamanna er hvað mestur, hefur Þingvallanefnd staðið fyrir eyðingu trjágróðurs. Stjórn Skógræktarfélags Íslands telur að hér sé um mistök að ræða og eyðileggingu á menningarsögu landsins, félagasögu og um leið vanvirðingu við merkilegt starf kynslóðar, sem markaði ein veigamestu framfaraspor sem stigin hafa verið hér á landi.



*Einar Gunnarsson að störfum við umbætur á Úlfljótsvatni (Mynd: RF).*

**ÞAKKIR**

## Samstarfsaðilar

Skógræktarfélag Íslands á gott samstarf við ýmsar stofnanir og félagasamtök, sem er félaginu mikils virði. Má þar sérstaklega til telja Skógrækt ríkisins, en starfsmenn þar hafa meðal annars skrifað góðar greinar fyrir Skógræktarritið, og Landgræðslu ríkisins. Þá hefur verið unnið að auknu samstarfi við skátahreyfinguna.

**Stuðningsaðilar**
Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa, eins og undanfarin ár, lagt starfsemi Skógræktarfélags Íslands lið á starfsárinu með ýmsum hætti. Ber þar sérstaklega að nefna Arion banka, Eimskip, Odda, Toyota á Íslandi og Pál Samúelsson og Elínu Jóhannesdóttur.

Þessi stuðningur er félaginu ómetanlegur og auðveldar því að sinna meginhlutverki sínu, sem er að styðja hið mikilvæga starf skógræktarfélaganna og efla skilning á skógrækt í landinu.

**Stjórn Skógræktarfélags Íslands þakkar öllum velunnurum félagsins ómetanlegan stuðning við starfsemi félagsins og starfsmönnum fyrir gott samstarf og vel unnin störf á tímabilinu.**

**Reykjavík, ágúst 2015,**
**f.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands,**

**Magnús Gunnarsson formaður**

Endurskoðun
& ráðgjöf ehf.

Eymundur Sveinn Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

# Skógræktarfélag Íslands

## kt. 600269-3809

### Ársreikningur 2014

Garðatorgi 7 • Pósthólf 374 • 212 Garðabær • Sími 544 8989 • Fax 544 8988

Endurskoðun
& ráðgjöf ehf.

Eymundur Sveinn Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

# Efnisyfirlit

Bls.

| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Áritun skoðunarmanna | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Skuldir og eigið fé | 7 |
| Sjóðstreymi | 8 |
| Bundnir sjóðir | 9 |
| Skýringar 1-6 | 10 |
| Skýringar 7 | 11 |
| Skýringar 8-10 | 12 |
| Skýringar 10-14 | 13 |
| Skýringar 14-16 | 14 |
| Skýringar 16-18 | 15 |
| Skýringar 19-20 | 16 |

**Skógræktarfélag Íslands**
**Þórunnartúni 6**
**105 Reykjavík**

Endurskoðun
& ráðgjöf ehf.
~~Eymundur Sveinn Ei~~narsson
Löggiltur endurskoðandi

# Áritun endurskoðanda

**Til stjórnar Skógræktarfélags Íslands.**

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Skógræktarfélags Íslands fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, aðrar skýringar og sundurliðanir. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

*Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum*
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

*Umfang könnunar*

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

*Ályktun*
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Garðabæ, 5. mars 2015

**Löggiltur endurskoðandi**



Garðatorgi 7 • Pósthólf 374 • 212 Garðabær • Sími 544 8989 • Fax 544 8988

## Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok rekstrarárs, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. mars 2015

Framkvæmdastjóri:

Stjórn:

## Áritun skoðunarmanna

Undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn Skógræktarfélags Íslands höfum yfirfarið bækur félagsins og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík, 5. mars 2015

Skoðunarmenn:



## Rekstrarreikningur ársins 2014

| | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Styrkir og aðrar tekjur | 5,12 | 20.359.634 | 9.842.340 |
| 70% framlag frá bundnum sjóðum | 6 | 342.311 | 6.561.710 |
| Sérgreind verkefni | 7 | 8.345.422 | 8.364.125 |
| Styrkur frá Ríkissjóði | | 6.100.000 | 7.000.000 |
| Árgjöld | | 1.356.000 | 1.404.000 |
| | | 36.503.367 | 33.172.175 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 8 | 24.484.284 | 21.308.846 |
| Annar rekstrarkostnaður | 9 | 11.878.096 | 9.841.419 |
| Afskriftir | 2,10 | 1.125.796 | 1.212.123 |
| | | 37.488.176 | 32.362.388 |
| **Rekstrarafkoma án fjármagnskostnaðar** | | (984.809) | 809.787 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 305.406 | 2.779.342 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (4.770.780) | (4.980.914) |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | | (60.629) | (275.406) |
| | | (4.526.003) | (2.476.978) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | 11 | (5.510.812) | (1.667.191) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2014

| Eignir | Skýr | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | 2,10 | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir | | 187.111.758 | 180.832.959 |
| Bifreið og kerra | | 280.345 | 280.345 |
| Áhöld og tæki | | 2.714.169 | 1.095.583 |
| | | 190.106.272 | 182.208.887 |
| Áhættufjármunir: | | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 100.000 | 100.000 |
| | | 100.000 | 100.000 |
| Fastafjármunir | | 190.206.272 | 182.308.887 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skammtímakröfur | | | |
| Viðskiptakröfur | 3 | 13.902.818 | 14.457.521 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 0 | 2.542.412 |
| Útistandandi hjá bundnum sjóðum | 6 | 342.311 | 6.668.062 |
| Handbært fé | 4 | 4.170.210 | 9.660.861 |
| Veltufjármunir | | 18.415.339 | 33.328.856 |
| **Eignir samtals** | | 208.621.611 | 215.637.743 |

# Eigið fé og skuldir 31. desember 2014

| | Skýr | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 11 | 108.048.092 | 113.558.904 |
| Eigið fé | | 108.048.092 | 113.558.904 |
| **Langtímaskuldir:** | | | |
| Skuldabréfalán | 19 | 66.468.750 | 66.468.750 |
| | | 66.468.750 | 66.468.750 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 2.398.259 | 2.811.227 |
| Viðskiptaskuldir | | 3.961.775 | 5.299.315 |
| Styrkur vegna Landgræðsluskóga | 12 | 0 | 2.879.717 |
| Ógreidd útborgun vegna Úlfljótsvatns | | 18.750.000 | 18.750.000 |
| Ógreiddir áfallnir vextir langtímalána | | 3.323.438 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 5.671.297 | 5.869.830 |
| | | 34.104.769 | 35.610.089 |
| Skuldir samtals | | 100.573.519 | 102.078.839 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 208.621.611 | 215.637.743 |

# Sjóðstreymi ársins 2014

| Rekstrarhreyfingar | Skýr | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins | 11 | (5.510.812) | (1.667.191) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskrifaðar og niðurlagðar eignir | 2,10 | 1.125.796 | 1.212.123 |
| Tekjur frá bundnum sjóðum | 6 | (342.311) | (6.561.710) |
| Reiknaðir vextir og verðbætur | | 0 | (4.375.000) |
| Hreint veltufé til rekstrar | | (4.727.327) | (11.391.778) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 9.422.866 | (8.184.204) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | (1.092.352) | (13.849.729) |
| | | 8.330.514 | (22.033.933) |
| Handbært fé frá rekstri | | 3.603.187 | (33.425.711) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 10 | (9.023.181) | (1.533.233) |
| Stofnframlag | | 0 | (100.000) |
| Breyting skuldabréfaeignar | | 0 | 17.500.000 |
| | | (9.023.181) | 15.866.767 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Framlag úr bundnum sjóðum | 6 | 342.311 | 6.561.710 |
| Skammtímaskuldir, breyting | | (412.968) | 2.811.227 |
| Afborgun lána | 19 | 0 | (21.031.250) |
| | | (70.657) | (11.658.313) |
| **Breyting á handbæru fé** | | (5.490.651) | (29.217.257) |
| Handbært fé í byrjun tímabils | 4 | 9.660.861 | 38.878.118 |
| **Handbært fé í árslok** | 4 | 4.170.210 | 9.660.861 |

## Rekstrarreikningur ársins 2014

**Bundnir sjóðir**

| | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | |
| Hækkun verðbréfasafns | | 1.737.076 | 12.818.090 |
| Fjármagnstekjuskattur vegna sjóða | | (28.277) | (78.324) |
| Vaxtatekjur og verðbætur á bundna sjóði | | 141.664 | 6.558 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur og áfallnar verðbætur | | (172) | (1.312) |
| Framlag til Skógræktarfélags Íslands | 6 | (342.311) | (6.561.710) |
| Fjármagnstekjuskattur af söluhagnaði | | (637.383) | (146.392) |
| | | 870.597 | 6.036.910 |
| **Hagnaður ársins** | | 870.597 | 6.036.910 |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2014

| Eignir | Skýr | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsson | 14 | 33.603.638 | 35.668.961 |
| Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar | 15 | 16.439.776 | 17.747.446 |
| Sjóður Ármanns Jónssonar | 16 | 12.804.679 | 13.591.671 |
| Sjóður Andrésar Gunnarssonar | 17 | 19.275.197 | 20.459.876 |
| Fræðslusjóður | 18 | 4.179.610 | 4.436.494 |
| | | 86.302.900 | 91.904.448 |
| **Eignir samtals** | | 86.302.900 | 91.904.448 |

## Eigið fé og skuldir 31. desember 2014

| | Skýr | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 85.960.589 | 85.089.992 |
| Eigið fé | | 85.960.589 | 85.089.992 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur | | 0 | 146.394 |
| Ógreitt framlag til Skógræktafélag Íslands | 6 | 342.311 | 6.668.062 |
| | | 342.311 | 6.814.456 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 86.302.900 | 91.904.448 |

## Skýringar

### Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í megin atriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð.

### 3. Viðskiptakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður um 1,0 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er degin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi. Á árinu var gjaldfært 102 þús. kr. vegna afskrifaðra tapaðra krafna.

### 4. Handbært fé

Sjóður og bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

### 5. Tekjur

Styrkir og aðrar tekjur greinast þannig:

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Gjafir og styrkir | 2.421.909 | 796.426 |
| Framlag frá Yrkjusjóð vegna umsjónar | 1.100.000 | 1.100.000 |
| Framlag vegna Landgræðsluskóga | 3.500.000 | 2.760.000 |
| Framlag vegna Kolefnissjóðs | 650.000 | 650.000 |
| Framlag vegna sjóðaumsjónar | 300.000 | 300.000 |
| Húsaleigutekjur | 785.520 | 818.020 |
| Endurgreiddur kostnaður | 580.390 | 1.013.956 |
| Embla II | 300.000 | (257.370) |
| Hópferðir | 300.000 | 500.000 |
| Skipulagsvinna / grisjun | 0 | 90.000 |
| Atvinnuleysisbætur vegna verkefna | 0 | 2.071.308 |
| | 9.937.819 | 9.842.340 |

### 6. Framlag frá bundnum sjóðum greinist þannig:

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsonar | 139.526 | 2.683.586 |
| Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar | 69.587 | 1.316.520 |
| Sjóður Ármanns G. Jónssonar | 53.166 | 1.022.712 |
| Sjóður Andrésar Gunnarssonar | 80.033 | 1.538.892 |
| Fræðslusjóður | 17.354 | 333.553 |
| | 359.666 | 6.895.263 |
| | | |
| 70% raunávöxtun. Til ráðstöfunar til eflingar skógræktar á Íslandi | 359.666 | 6.895.263 |
| 30% raunávöxtun. Til hækkunar á bundnum sjóðum | 154.142 | 2.955.113 |
| Breyting verðbóta á árinu hækkun | 1.223.268 | 2.894.636 |
| Nafnávöxtun bundinna sjóða á árinu | 1.737.076 | 12.745.012 |

## Skýringar frh:

7. **Sérgreind verkefni**

Sundurliðun vegna verkefna greinist þannig.:

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Útgáfustarfsemi: | | |
| Ársrit, bækur og smárit | 9.304.033 | 11.139.419 |
| Styrktarlínur | 2.518.500 | 3.651.000 |
| Auglýsingar | 1.898.000 | 2.294.500 |
| Launakostnaður | (3.000.000) | (3.000.000) |
| Annar kostnaður við útgáfu | (7.902.788) | (8.046.733) |
| | 2.817.745 | 6.038.186 |
| Tré ársins: | | |
| Styrkir | 500.000 | 0 |
| Annar kostnaður | (212.668) | 0 |
| | 287.332 | 0 |
| Úlfljótsvatn: | | |
| Tekjur | 3.262.717 | 2.135.854 |
| Húsnæðiskostnaður | (1.155.160) | (449.508) |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.223.544) | (1.118.044) |
| | 884.013 | 568.302 |
| Opinn skógur: | | |
| Styrkir | 3.800.000 | 8.568.893 |
| Launakostnaður | (1.500.000) | (6.000.000) |
| Annar rekstrarkostnaður | (639.389) | (3.485.758) |
| | 1.660.611 | (916.865) |
| Brynjudalur: | | |
| Sala | 2.381.208 | 2.766.290 |
| Aðrar tekjur | 482.007 | 202.373 |
| Styrkir | 4.000.000 | 3.480.000 |
| Launakostnaður | (2.000.000) | (2.000.000) |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.913.847) | (1.456.701) |
| | 2.949.368 | 2.991.962 |
| Vinaskógur: | | |
| Annar rekstrarkostnaður | (153.647) | (217.460) |
| Launakostnaður | (100.000) | (100.000) |
| | (253.647) | (317.460) |
| Sérgreind verkefni samtals | 8.345.422 | 8.364.125 |

## Skýringar frh:

**8. Laun og launatengd gjöld**

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Laun | 26.913.867 | 32.865.279 |
| Ökutækjastyrkur | 1.675.968 | 1.822.181 |
| Lífeyrissjóðsframlag | 3.404.248 | 3.965.110 |
| Tryggingagjald | 2.428.354 | 2.972.385 |
| Áunnið orlof starfsmanna, breyting | (590.054) | (908.411) |
| Önnur launatengd gjöld | 751.901 | 914.776 |
| Laun færð á sérgreind verkefni | (10.100.000) | (20.322.474) |
| | 24.484.284 | 21.308.846 |

**9. Annar rekstrarkostnaður**

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Húsnæðiskostnaður | 1.344.313 | 1.310.095 |
| Skrifstofukostnaður | 45.268 | 54.901 |
| Sími og burðargjöld | 592.063 | 611.124 |
| Bankakostnaður vegna innheimtu o.fl. | 81.858 | 65.905 |
| Gjafir, styrkir og risna | 0 | 205.760 |
| Kaffistofa og starfsmannatengdur kostnaður | 93.217 | 51.178 |
| Fundakostnaður | 1.998.555 | 1.335.280 |
| Ferðakostnaður | 323.443 | 23.339 |
| Námskeið og fyrirlestrar | 0 | 9.000 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki, viðhald áhalda | 120.490 | 254.659 |
| Rekstur bifreiða | 3.729.971 | 3.036.133 |
| Aðkeypt sérfræðiaðstoð | 1.507.757 | 1.311.726 |
| Rekstur tölvukerfis | 1.265.245 | 1.065.290 |
| Afskrifaðar kröfur | 100.206 | 159.365 |
| Félags og aðildargjöld | 27.800 | 38.390 |
| Kostnaður vegna Esjuhlíða | 103.456 | 105.752 |
| Opið hús | 160.739 | 0 |
| Annar kostnaður | 383.715 | 401.777 |
| Hluti innskatts vegna blandaðrar starfsemi | 0 | (198.255) |
| | 11.878.096 | 9.841.419 |

**10. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Bifreið og kerra | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Flutt frá fyrra ári | 185.495.746 | 2.803.447 | 10.955.827 | 199.255.020 |
| Viðbót á árinu | 7.082.942 | 0 | 1.940.239 | 9.023.181 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | 192.578.688 | 2.803.447 | 12.896.066 | 208.278.201 |
| Afskrifað frá fyrra ári | 4.662.787 | 2.523.102 | 9.860.244 | 17.046.133 |
| Fært út vegna sölu | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afskrift ársins | 804.143 | 0 | 321.653 | 1.125.796 |
| | 5.466.930 | 2.523.102 | 10.181.897 | 18.171.929 |
| Bókfært verð 31.12. | 187.111.758 | 280.345 | 2.714.169 | 190.106.272 |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 15% | 10-20% | |
| Áætlaður nýtingartími | 50 ár | 7 ár | 5-10 ár | |

## Skýringar frh:

**10. Veranlegir rekstrarfjármunir, frh:**

| Fasteignir sundurliðun: | **Bókfært verð** | **Fasteignamat** | **Brunabótamat** |
|---|---|---|---|
| Þórunnartún 6, Reykjavík | 10.747.098 | 32.600.000 | 45.350.000 |
| Saurar, jörð og ræktað land | 248.320 | 740.000 | 0 |
| Saurar, vélageymsla og votheysturn | 253.440 | 185.000 | 2.710.000 |
| Saurar, Miðfjarðará - veiðihlunnindi | 2.757.000 | 4.660.000 | 0 |
| Saurar, einbýli | 1.133.440 | 5.400.000 | 18.000.000 |
| Brynjudalur | 8.288.894 | 0 | 0 |
| Sandey - Þingvallasveit | 14.578 | 0 | 0 |
| Kvíar í Jökulfjörðum | 57.474 | 0 | 0 |
| Úlfljótsvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi | 163.611.514 | 0 | 0 |
| | 187.111.758 | 10.985.000 | 20.710.000 |

Skógræktarfélag Íslands hefur gert samning við Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu um umsjón, ræktun og rekstur á jörð sinni að Saurum í Miðfirði. Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu fer með atkvæði Saura í Veiðifélagi Miðfjarðarár og fer með ráðstöfun á arði af Miðfjarðará svo og öðrum tekjum sem til jarðarinnar kunna að renna. Á móti kemur að Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu stendur skil á sköttum og skyldum af jörðinni og fasteignum á henni.

Skógræktarfélag Íslands hefur gert leigusamning við Landbúnaðarráðuneytið um að félagið leigi hluta úr jörðinni Kárastöðum í Þingvallarhreppi til ársins 2065, án endurgjalds, nánar tiltekið svæði undir Vinaskóg. Að samningstíma liðnum hefur Skógræktarfélag Íslands forleigurétt að landssvæðinu.

**11. Eigið fé**

| Yfirlit um eiginfjárreikninga | **Óráðstafað eigið fé** |
|---|---|
| Eigið fé 1.1. | 113.558.904 |
| Afkoma ársins | (5.510.812) |
| Eigið fé 31.12. | 108.048.092 |

**12. Ónýttur styrkur vegna Landgræðsluskóga**

| | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| Ónýttur styrkur 1.1. | 2.879.717 | 2.988.146 |
| Styrkur frá ríkissjóði | 35.000.000 | 27.600.000 |
| Umsjón Skógræktarfélags Íslands vegna Landgræðsluskóga | (3.500.000) | (2.760.000) |
| Launakostnaður Skógræktarfélags Íslands | (3.500.000) | (3.500.000) |
| Plöntukaup | (19.687.228) | (21.089.363) |
| Annar kostnaður | (770.674) | (359.066) |
| Úttekt og grisjun | (10.421.815) | 0 |
| Ónýttur styrkur 31.12. | 0 | 2.879.717 |

**13. Ónýttur styrkur vegna atvinnuátaks**

| | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| Ónýttur styrkur 1.1. | 0 | 13.473.000 |
| Útlagður kostnaður vegna átaksverkefnis | 0 | (7.750.526) |
| Greidd laun til Skógræktarfélags Íslands vegna átaksverkefnis | 0 | (5.722.474) |
| Ónýttur styrkur 31.12. | 0 | 0 |

**14. Bundnir sjóðir**

| Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinssonar: | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 35.668.961 | 30.708.496 |
| Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns | (2.065.323) | 4.960.465 |
| Staða 31.12. | 33.603.638 | 35.668.961 |

## Skýringar frh:

**14. Bundnir sjóðir, frh.:**

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2014 hefur verið reiknuð og er hún kr. 199.323. Til ráðstöfunar vegna ársins 2014 er því kr. 139.526. Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2014.

Í desember árið 2011 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í fasteignum og landi við Úlfljótsvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi fyrir 150 millj. kr. Vegna fjárfestingarinnar voru teknar 87,5 millj. kr. út úr sjóðnum til að fjármagna kaupin. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 95,7 millj. kr. í árslok 2014.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Verðbréfasafn | 33.603.638 | 35.668.961 |

**15. Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar:**

| Yfirlit um sjóð Aðalsteins Kristjánssonar: | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 17.747.446 | 15.315.411 |
| Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns | (1.307.670) | 2.426.789 |
| Vextir og verðbætur ársins | 863 | 6.558 |
| Fjármagnstekjuskattur | (172) | (1.312) |
| Staða 31.12. | 16.440.467 | 17.747.446 |

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2014 hefur verið reiknuð og er hún kr. 99.409. Til ráðstöfunar vegna ársins 2014 er því kr 69.587. Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2014.

| Eignir sjóðsins greinast þannig: | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| Verðbréfasafn | 16.410.691 | 17.450.186 |
| Inneign hjá Skógræktarfélagi Íslands | 0 | 200.000 |
| Innstæða á sparisjóðsbók | 29.776 | 97.260 |
| | 16.440.467 | 17.747.446 |

**16. Sjóður Ármanns G. Jónssonar:**

| Yfirlit um sjóð Ármanns G. Jónssonar: | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 13.591.671 | 11.701.484 |
| Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns | (786.992) | 1.890.187 |
| Staða 31.12. | 12.804.679 | 13.591.671 |

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2014 hefur verið reiknuð og er hún kr. 75.952. Til ráðstöfunar vegna ársins 2014 er því kr. 53.166. Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2014.

## Skýringar frh:

**16. Sjóður Ármanns G. Jónssonar, frh.:**
Yfirlit um sjóð Ármanns G. Jónssonar, frh.:

Í febrúar árið 2005 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í húseign að Skúlatúni 6 í Rvk., fyrir 11,5 millj. kr. og voru kaupin fjármögnuð að mestu með úttekt úr sjóðnum. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 20.3 millj. kr. í árslok 2014.

| Eignir sjóðsins greinast þannig: | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| Verðbréfasafn | 12.804.679 | 13.591.671 |

**17. Sjóður Andrésar Gunnarssonar:**
Yfirlit um sjóð Andrésar Gunnarssonar:

| | | |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 20.459.876 | 17.614.531 |
| Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns | (1.184.679) | 2.845.345 |
| Staða 31.12. | 19.275.197 | 20.459.876 |

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar áÍ slandi. Raunávöxtun ársins 2014 hefur verið reiknuð og er hún kr. 114.332. Til ráðstöfunar vegna ársins 2014 er því kr. 80.033. Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2014.

| Eignir sjóðsins greinast þannig: | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| Verðbréfasafn | 19.275.197 | 20.459.876 |

**18. Fræðslusjóður:**
Yfirlit um Fræðslusjóð:

| | | |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 4.436.494 | 3.819.513 |
| Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns | (256.884) | 616.981 |
| Staða 31.12. | 4.179.610 | 4.436.494 |

Fræðslusjóður var stofnaður 25.ágúst 2000 með loforði um fjárframlög frá Skógræktarfélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins er heimilt að verja 70% af raunávöxtun sjóðsins til að styrkja unga námsmenn til framhaldsmenntunar í skógfræðum auk þess að veita einstaklingum styrki til skógræktarrannsókna.

| Eignir sjóðsins greinast þannig: | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| Verðbréfasafn | 4.179.610 | 4.436.494 |

## Skýringar frh:

**19. Langtímaskuldir**

Langtímaskuldir eru tilkomnar vegna kaupa félagsins á Úlfljótsvatni í Grímsnes-og Grafningshreppi af Orkuveitu Reykjavíkur. Gefið var út skuldabréf til 25 ára sem ber 5% vexti og er óverðtryggt. Skuldabréfið ber vexti frá 1. janúar 2012 og gjalddagi fyrstu afborgunar var 1. janúar 2013.

| Yfirlit um langtímaskuldir: | **2014** |
|---|---|
| Óverðtryggt lán frá Landgræðslusjóði, fastir vextir 5,0% | 66.468.750 |
| Langtímaskuldir samtals | 66.468.750 |

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2016 | 3.500.000 |
| Árið 2017 | 3.500.000 |
| Árið 2018 | 3.500.000 |
| Síðar | 55.968.750 |
| Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir | 66.468.750 |

| **20. Lykiltölur:** | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir | 0,54 | 0,94 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildareignir | 0,52 | 0,53 |



**Skógræktarfélag Íslands**
**Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík**
**Sími: 551-8150**
**Netfang: skog@skog.is**
**Veffang: www.skog.is**